

# Aðalfundur 2013

~ Haldinn þann 5.febrúar ~



## **Dagskrá aðalfundar**

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
  - Vallarstjóri og meðstjórnandi
- **Tillögur og lagabreytingar**
  - Á 9.grein um stjórn félagsins
- **Önnur mál**
  
- **Hlé og léttar veitingar**
  
- **Vídeóannáll 2012 frumsýndur**
  - Hægt verður að nálgast hann á vef félagsins  
<http://modelflug.net/video/2013/>

## **Skýrsla stjórnar**

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í fundarsal Íþróttakademiunnar þann 24.janúar og var rétt um helmingur félagsmanna mættur. Rekstur á árinu 2011 var neikvæður um 33.000 kr. Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Magnús Kristinsson var endurkjörinn sem formaður og Sverrir Gunnlaugsson sem gjaldkeri. Að loknum aðalfundarstörfum var boðið upp á marsipanköku frá Valgeirsbakarí og svo var vídeóannáll Flugmóðelfélagsins frá árinu 2011 frumsýndur og vakti mikla lukku.

Árið var mjög gott fyrir Flugmóðelfélagið og mikið um að vera. Þrír nýir félagar gengu í félagið en smá fækkun hefur orðið á Innherjum. Veðrið truflaði okkur ekki mikið í sumar en þó þurfti að gera smá breytingar á mótaskrá.

Flugmóðelfélag Suðurnesja hélt flotflugkomu þann 22.maí, aðeins tveir mættu að þessu sinni.

Flugmóðelfélag Suðurnesja og Flugmóðelklúbburinn Þytur héldu í sameiningu Íslandsmeistaramót í hraðflugi og voru 4 umferðir flognar en félögin skiptust á að halda mótin. Eftir að úrslitin höfðu verið tekin saman í lok sumars stóð Sverrir Gunnlaugsson uppi sem sigurvegari. Fyrsti Íslandsmeistari félagsins en því miður hafa mót til Íslandsmeistarátignar ekki verið haldin oft síðustu áratuginu, og þá einna helst í sviffuginu.

Flugmóðelfélag Suðurnesja fagnaði 20 ára afmæli í byrjun júní með flugdagskrá sem hófst fimmtudaginn 31.maí og lauk svo mánudaginn 4.júní eftir frábæra flugkomu yfir helgina. Einn sá allra besta í bransanum í dag, og Íslandsvinur með meiru, Ali Machinchy ásamt Duncan Horlor aðstoðarmanni hans aðstoðuðu okkur við að fagna áfanganum. Það var flogið, borðað, skálað, spjallað, djammað og sólbrunnið en ekki endilega í þessari röð. Ali flaug vel á þriðja tug flugmóðela, hjálpaði mönnum að fínstillta módel og leiðbeindi þeim sem þess óskuðu. Hreint út sagt frábærir dagar, heiðblár himinn og ekki ský að sjá, Bretunum tókst meir að segja að sólbrenna!

Lendingarkeppnin var svo haldin 19.júní og mættu fimm keppendur til leiks. Lúðvík Sigurðsson bar sigur úr býtum eftir harða keppni.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á aðrar samkomur, hvort heldur sem var á Patreksfirði, Eyjafjarðarsveit, Tungubökkum eða Hamranesi.

Ljósanæturflugkoman féll því miður niður í ár vegna veðurs en fjölmenni mætti í staðinn á sunnudeginum og var mikið flogið og spjallað.

Innherjar hófu svo aftur að flögra í Reykjaneshöllinni í byrjun október og munu halda uppteknum hætti út apríl 2013.

Hátíðarhefðinni var að sjálfsögðu viðhaldið og flogið á aðfangadag, gamlársgag og nýjársgag.

Svo má til gamans geta þess að Sverrir Gunnlaugsson var tæknilegur ráðgjafi við upptökur á „The Gadget Show: World Tour“ sem fram fóru hér á landi í byrjun sumars. Þátturinn var svo frumsýndur ytra í nóvember 2012.

**Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja**

Reikningar félagsins*Flugmóðelfélag Suðurnesja***Ársreikningur 2012**

	Inn	Út
Sparireikningur	150.000 kr.	500.000 kr.
Félagsgjöld	335.300 kr.	
Innherjar	175.000 kr.	149.500 kr.
Styrkir	105.000 kr.	
20 ára afmæli 2012	69.503 kr.	197.845 kr.
Merkjasala	5.000 kr.	
Vextir	1.580 kr.	
Vallarviðhald		139.903 kr.
TF-FMS		66.382 kr.
Tryggingar		22.971 kr.
Aðalfundur		18.928 kr.
Bensín, gas, olía		16.356 kr.
Veitingar		6.025 kr.
Bankakostnaður		3.906 kr.
Fjármagnstekjuskattur		316 kr.
<b>Samtals á árinu</b>	<b>841.383 kr.</b>	<b>1.122.132 kr.</b>
Fært frá fyrra ári	469.627 kr.	
<b>Samtals</b>	<b>1.311.010 kr.</b>	<b>1.122.132 kr.</b>
<b>Samtals eign í árslok</b>	<b>188.878 kr.</b>	
Velta á árinu	2.433.142 kr.	
Rekstrarniðurstaða	69.251 kr.	

<b>Eignir</b>	<b>Verð</b>
Sparireikningur	357.185
Sláttuvél	200.000
Orf	25.000
Kerra	500.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
<b>Samtals</b>	<b>1.132.185</b>

<b>Flugbrautir og vallarsvæði</b>	<b>33.625.000</b>
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

<b>Samtals eignir</b>	<b>34.757.185</b>
-----------------------	-------------------

## Niðurstaða

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 69.251 kr. Með styrkjum á þessu ári og í fyrra þá kom 20 ára afmælisflugkoma félagsins út á núlli. Stjórninni langar að þakka sérstaklega þeim félagsmönnum sem styrktu og aðstoðuðu félagið í kringum þessi tímamót!

## Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu undir rekstrinum. Ég legg því til að félagsgjöldin verði óbreytt, 5.500 fyrir yngri en 18 ára og 10.500 fyrir aðra félagsmenn. Við erum samt ekki langt frá núllinu og þurfum að fara varlega með krónurnar okkar.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu um miðjan mánuðinn, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma, og forðast greiðslukostnað(200 kr), hafi samband við gjaldkera fyrir 16.febrúar.

**Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri**

## Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa vallarstjóra og meðstjórnanda.

## Tillögur og lagabreytingar

9. grein – Stjórn

Stjórn félagsins er skipuð fjórum mönnum.

Formaður, gjaldkeri/ritari, vallarstjóri og einn meðstjórnandi.

Skulu þeir allir sitja stjórnarfundum félagsins.

Aðalfundur kýs formann og gjaldkera þau ár sem enda á jafnri tölu, en vallarstjóra og meðstjórnanda þau ár sem enda á oddatölu. Gjaldkeri skal gegna störfum formanns í forföllum hans.

Yrði (breytingar **feitiletraðar**)

9. grein – Stjórn

Stjórn félagsins er skipuð **fimm** mönnum.

Formaður, gjaldkeri/ritari, vallarstjóri og **tveir** meðstjórnendur.

Skulu þeir allir sitja stjórnarfundum félagsins.

Aðalfundur kýs formann og **meðstjórnendur** þau ár sem enda á jafnri tölu, en **gjaldkera** og vallarstjóra þau ár sem enda á oddatölu. Gjaldkeri skal gegna störfum formanns í forföllum hans.

## Önnur mál

Orðið er frjálst.

# **Minnisblað**